



Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar 70 ára

1946-2016

Skýrsla forseta Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar starfsárið 2016-2017

Flutt 29. júní 2017

Ágætu rótarýfélagar.

Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar er að enda sitt 71. starfsár. Ég er ykkur þakklátur fyrir að hafa gefið mér tækifæri á að sitja sem forseti klúbbsins, þetta hefur verið skemmtilegt en krefjandi tímabil í lífi mínu. Ýmislegt hefur verið á dagskrá, en eins og í lífinu, hefur margt tekist vel, en annað ekki.

Forseti Rotary International **John F. Germ** hafði einkunnarorð sín „**Rotary serving humanity**“ Sem **Guðmundur Jens Þorvarðarson** umdæmisstjóri okkar hefur þýtt fyrir okkur „**Rótarý þjónar mannkyninu**“. Forseti, **Guðbjartur Einarsson** ritari og **Gylfi Sigurðsson** verðandi forseti, sóttu umdæmisþing sem haldið var 14. og 15. október í Kópavogi.

Tveir meðlimir klúbbsins hafa starfað fyrir umdæmið á síðasta starfsári, **Guðni Gíslason** sem hefur verið óþreytandi í störfum fyrir umdæmið og klúbbinn og **Magnús Ægir Magnússon** sem tók sæti í Polío plus nefnd umdæmisins.

47 klúbbfundir voru haldnir á árinu, þar af einn fundur klúbbþing. Flestir fundirnir hafa verið hér í Turninum, en þar að auki í skógarlundinum okkar og í veitingahúsinu Von. Meðal mæting á fundi er rétt undir 60%, hefur hún heldur farið lækkandi undanfarinn ár. Vil ég mælask til þess að félagar sem hafa hvað lakasta mætingu, og hafa kost á því að mæta á fundi í öðrum klúbbum, sem eru með fundi í nágrenni þeirra, eða hafa fundi á öðrum tímum dags, noti þann kost.

Fundarefnin voru frábær, vil ég fullyrða að erindin eru á háskólastigi. Við höfum fengið 45 fyrirlesara á starfsárinu t.d.; fjóra ráðherra, bæjarstjórn okkar, umdæmisstjóra Rótarý, ýmis félagasamtök í Hafnarfirði, heilmargt um ferðamál og margt fleira skemmtilegt og fræðandi. Hafa nefndirnar og þið félagar mínir staðið ykkur sérlega vel og sýnt mikinn metnað í vali á fyrirlesurum.

Ég vil einnig minnst á þriggja mínútna erindin, þau hafa líka verið skemmtileg og fræðandi, þar opna félagarnir glugga, fyrir okkur hin að líta inn.

Stjórnin hefur haldið átta formlega fundi, þar að auki var mikið talað saman við stjórnarborðið, tölvupóstur og símhringingar óspart notaðar.

Í vetur hefur **Þórhallur Ísak Guðmundsson** verið skiptinemi á okkar vegum í Brasilíu, ég hef fylgst með honum á Facebook og í viðtölum við móður hans. Ég sé ekki betur en hann standi sig sérlega vel. En þess má geta að **Guðrún Randalín Guðmundsdóttir**, nýr félagi okkar er móðir hans.



Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar 70 ára

1946-2016

Skiptineminn sem dvalið hefur hjá okkur í vetur, Franco Napoleon Iglesias hefur verið við nám í Flensburg, einnig hefur hann sótt íslensku námskeið í málaskóla. Hann hefur dvalið hjá fjórum fjölskyldum í vetur, fyrst hjá Guðrúnu Randalín, en þar var hann fram yfir áramót, því næst hjá Tinnu Bessadóttur dóttur minni, hann var hjá fjölskyldu á Akureyri í tvær þrjár vikur, síðan hjá mér, þar til hann fór í Evrópuferð, og í beinu framhaldi af því flaug hann heim til Argentínu. Það hefur gengið á ýmsu hjá Napoleon í vetur, hann hefur átt frekar erfitt með að aðlagast, hefur ekki náð tökum á íslenskunni en er orðinn mun betri í ensku.

Skiptinemastarfið er afar mikilvægur þáttur í starfi Rótarýhreyfingarinnar, okkar klúbbur hefur verið duglegur að taka á móti og senda skiptinema, veit ég fyrir víst hvað það hefur haft mikla þýðingu fyrir þau ungmenni sem hafa notið þess.

Ferðanefnd undir forustu Guðmundar Þórðarsonar stóð fyrir ferð til St. Pétursborgar í Rússlandi, með viðkomu í Helsinki í Finnlandi, daganna 17. til 22. ágúst. Var hún einstaklega vel sótt og vel skipulögð. Ferðanefndin öll og fararstjórinn Pétur Óli Pétursson eiga hrós skilið fyrir gott verk.

Vil ég benda ykkur félögum á myndir frá ferðinni og starfinu á starfsárinu eru á vefnum okkar, og nýrri Facebook síðu klúbbsins sem stofnuð var í vetur, slóðin er „Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar“

Á fyrra starfsári stofnaði ég afmælisnefnd undir stjórn Gylfa Sigurðssonar, hún skipulagði 70 ára afmælishátíð Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar sem var svo haldin í húsi Frímúrara við Ljósatröð. Hátíðin var í samvinnu við InnerWeel klúbb Hafnarfjarðar, en þær héldu líka upp á 40 ára afmæli síns klúbbs. Hátíðin var afar vel sótt og tókst hið besta.

Klúbbfélagar þáðu boð Jóhanns Lúðvíks Haraldssonar félaga okkar í Flúrlömpum, en hann bauð upp á fordrykk.

Þegar í veislusalinn var komið beið okkar ljósmyndari sem myndaði mannskapinn. Gylfi Sigurðsson bauð félaga velkomna fyrir hönd afmælisnefndarinnar og síðan var gengið til borðs.

Veislustjóri var Jóhannes Pálmi Hinriksson.

Forseti setti hátíðina og sagði nokkur orð.

Sigurborg Kristinsdóttir forseti InnerWeel ávarpaði líka samkomuna.

Boðsgestir voru:

Garðar Eiríksson aðstoðarumdæmisstjóri,

Jón Karl Ólafsson forseti Rótarýklúbbs Reykjavíkur, móðurklúbbs okkar.

Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé forseti Rótarý Görðum dóttur klúbbs okkar. Og forseti Straums, einnig dótturklúbbs okkar, Jóhanna Erlingsdóttir.



Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar 70 ára

1946-2016

Veittar voru Paul Harris viðurkenningar og nýr heiðursfélagi kynntur. Skemmtiatriði, matur og drykkir af bestu gerð. Í alla staði vel heppnað.

Um miðjan október var farinn gönguferð um Almennina í upplandi Hafnarfjarðar. Ferðinn var farinn til að líta á svæðið sem við ætlum að gera aðgengilegt með bílastæðum og leiðbeiningaskiltum, í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og Skógræktina. Leiðsögumenn voru Jónatan Garðarsson og Eyjólfur Sæmundsson. Verkefnið er stopp um þessar mundir vegna andstöðu skógræktarstjóra ríkisins. Við ætlum ekki að gefast upp, þetta virðist ekki vera spretthlaup heldur langhlaup.

Jólafundurinn var haldinn um miðjan desember í húsi Golfklúbbs Garðabæjar. Hátíðin var vel sótt, hátíðleg og skemmtileg.

Sama er að segja um þorablótið í janúar, vel sótt og skemmtilegt, félagar og gestir tóku vel á horninu góða.

Skemmtinefnd með Hermann Björn Erlingsson í forustu, stóð sig sérlega vel með skipulag og framkvæmd á þessum þáttum starfsins.

Trausti Ó. Lárusson var kjörinn heiðursfélagi í Rótarýklúbbi Hafnarfjarðar á afmælishátíðinni. Trausti gerðist félagi í klúbbum 14. maí 1964 er því búinn að vera félagi í 53 ár. Trausti er vel að þessu kominn.

Paul Harris félagar fyrir þetta starfsár voru 23 talsins, alls hafa 52 félagar fengið PH orður frá upphafi.

Á þessu starfsári bættust þessir við:

Steingrímur Guðjónsson, Jón Auðunn Jónsson og Sigþór Jóhannesson.

Auk þess fengu Paul Harris með safír: Skúli Valtýsson, Guðmundur Friðrik Sigurðsson, Guðmundur Steinar Jónsson, og Guðni Gíslason fékk safír frá umdæminu.

Í tilefni að 70 ára afmæli klúbbsins skipaði ég ritnefnd á fyrra starfsári. Hún fékk það verkefni að skrifa sögu klúbbsins síðustu 20 árin. Stefán Júlíusson hafði skrifað bókina Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar 50 ára. Fannst mér tími komin á framhald.

Í nefndina valdist úrvals lið: Reynir Guðnason formaður, Sigurþór Aðalsteinsson, Skúli Valtýsson og Víðir Stefánsson. Nefndin fékk svo Almar Grímsson félaga okkar til liðs við sig sem ritstjóra.

Nefndin og ritstjórinn hafa unnið gífurlega vel og er allur texti tilbúinn, verið er að vinna í myndum. Mér skilst að verkið verði jafn vel tilbúið fyrir næstu jól.

Í byrjun janúar bar ég upp tillögu um að lækka mánaðarlega greiðslu þeirra félaga sem eru í mataráskrift í klúbbum, og færði nokkur rök fyrir því. Mánaðar gjaldið var 10.350 kr. lækkaði um 1.500 kr. og fór því í kr. 8.850.



Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar 70 ára

1946-2016

Fljótlega upp úr því fengum við tilkynningu frá Tilverunni að þau vildu hætta að selja okkur mat, sem þau höfðu gert með miklum sóma í mörg ár.

Stjórnin samdi við Veitingahúsið Kænuna um að taka að sér matseld fyrir okkur. Verðið á matnum frá þeim er nokkru hærra en var hjá Tilverunni en stjórnin ákvað að láta samt lækkunina standa til enda starfsársins.

Á síðasta klúbbsþingi var ákveðið að stofna nefnd sem skyldi fara yfir og uppfæra sérlög klúbbsins. Lög Rotary hreyfingarinnar hafa tekið allnokkrum breytingum síðan lögin voru uppfærð síðast. Í nefndina völdust þrír fyrrverandi forsetar klúbbsins: Jón Auðunn Jónsson formaður, Hallgrímur Jónasson og Jóhannes Pálmi Hinriksson, skyldu þeir skila tillögum að nýjum sérlögum á næstar klúbbsþingi.

Á starfsárinu létust tveir félagar okkar. Níels Árnason heiðursfélagi klúbbsins lést 23. október, 93 ára að aldri. Hann gerðist félagi í klúbbsnum 5. júní 1957 og hafði því verið félagi í tæp 60 ár.

Jón Vignir Karlsson lést 17. apríl. Hann gerðist félagi í klúbbsnum 18. janúar 1996 hann var félagi í 21 ár.

En maður kemur í manns stað, við höfum fengið til liðs við okkur 4 nýja féлага, tvo karla og tvær konur: Guðrúnu Randalín Lárusdóttur, Jón Trausta Snorrason, Ingólf Vignir Guðmundsson og Kolbrúnu Benediktsdóttur. Stjórnin hafði sett sér þau markmið að fjölga um 2-3 féлага, þau markmið náðust. Ég er sérlega stoltur af hafa fjölgað um tvær konur á sama starfsári, það hafa ekki verið teknar inn í klúbbsinn tvær konur á einu starfsári síðan í forsetatíð Bjarna Jónssonar, sem tók inn fyrstu tvær konurnar, þær Hjördísi Guðbjörnsdóttur og Gunnhildi Sigurðardóttur.

Að lokum vil ég en þakka ykkur félagar mínir fyrir starfsárið, vil ég samt minnast á tvo féлага sem hafa stutt mig og gefið mér góð ráð, þá: Guðna Gíslason og Jóhannes Pálma Hinriksson, þakka ykkur félagar.

Þá vil ég sérstaklega þakka samstarfið, stjórnarmönnum mínum þeim: Guðbjarti Einarssyni ritara, Ingvari Geirssyni gjaldkera, Gylfa Sigurðssyni verðandi forseta, Ólafi Hauki Magnússyni stallara, og fráfarandi forseta Eyjólfu Sæmundssyni. Hafa þeir allir stutt vel við bakið á mér og eiga stóran þátt í hvernig til hefur tekist.

Ég óska Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar, og félögum hans góðs gengis um ókomna tíð.

Þakka ykkur fyrir,

Bessi H. Þorsteinsson
forseti 2016-2017